

Nefndasvið Alþingis - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2018
UST201805-053/A.B.B.
04.03

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. 457.
mál. Umsögn

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis til Umhverfisstofnunar frá 18. apríl sl. þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að veita umsögn um framkomið frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.) 457. mál.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

- Í 10. gr. frumvarpsins um breytingar á 9. gr. laganna segir um afstöðu Matvælastofnunar, að gefi Skipulagsstofnun út álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar **skal Matvælastofnun taka rökstudda afstöðu til álitsins áður en tillaga að rekstrarleyfi er auglýst** opinberlega. Matvælastofnun skal taka rökstudda afstöðu til áhættumats **erfðablöndunar** skv. 6. gr. a og **burðarbolsmats** skv. 6. gr. b og **sjúkdómstengdra bátta** sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Í 2. kafla greinargerðar með frumvarpinu, um tilefni og nauðsyn lagasetningar, segir að frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsemi fiskeldisstöðva verði eins og áður háð starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út og hefur eftirlit með og rekstrarleyfi sem Matvælastofnun gefur út og hefur eftirlit með. **Áður en tillaga að leyfum er auglýst munu Matvælastofnun og Umhverfisstofnun fara yfir og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar í þeim tilvikum sem umrædd framkvæmd er matsskyld, sbr. ákvæði 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.**

Mikilvægt er að áréttu að skv. 13. gr. laga nr. 106/2000 segir að leyfisveitandi skuli kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar,

við útgáfu leyfis til framkvæmdar. Það er því ekki samræmi á milli þess og því sem segir í þessu frumvarpi að það eigi að gerast áður en tillaga að leyfi sé auglýst. Það er sem sagt við útgáfu leyfis en ekki við auglýsingu tillögu sem taka ber rökstudda afstöðu til álits um mat á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

2. Þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt það sem fram kemur í frumvarpinu að Matvaelastofnun hafi það hlutverk að taka rökstudda afstöðu til áhættumats erfðablöndunar, burðarþolsmats og sjúkdómstengdra þátta sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðva. Þannig hefur Umhverfisstofnun litið á að við útgáfu leyfa þar sem liggur til grundvallar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum að leyfisveitandi taki afstöðu til þeirra niðurstaðna í álitinu sem varðar hans verksvið. Umhverfisstofnun hefur við útgáfu starfsleyfa litið til þeirra atriða sem varða mengun, sér í lagi lífraelt álag á viðtaka. Stofnunin leggur því til að einnig verði kveðið á um það í lögnum hvaða þátta Umhverfisstofnun beri að taka afstöðu til. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur í úrskurði sínum í máli nr. 5/2017 túlkað löginn þannig að sú lagaskylda hvíli á öllum leyfisveitendum að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar sem til umfjöllunar er. Sé framkvæmd háð leyfi fleiri leyfisveitenda verði að líta svo á að þeim beri hverjum og einum að taka slíka rökstudda afstöðu, í það minnsta hvað varðar þeirra fag- eða valdsvið, og eftir atvikum **til álitsins í heild sinni**. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvaelastofnunar til starfrækslu fiskeldisstöðva og því ljóst að á tilgreindum stofnunum hvílir framangreind lagaskylda að mati nefndarinnar.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gefa haldbærar leiðbeiningar í lögum um hverjar séu skyldur stofnana/leyfisveitanda því þær verða að vera skýrar og ekki neinum vafa undirorpnar. Mikilvægt er fyrir alla aðila, umsækjendur, þá sem gera athugasemdir, leyfisveitendur og aðra haghafa að leikreglur séu skýrar og málsmæðferð því einnig ljós og reglur sem eru háðar túlkunum vegna óskýrleika séu ekki að lengja málsmæðferð í starfsleyfismálum eða setja ákvarðanir stjórnvalda í hættu á að verða felldar úr gildi.

Umhverfisstofnun lítur svo á að hefðbundnar reglur stjórnsýsluréttar um valdbærni eigi við um afstöðu til mats á umhverfisáhrifum. Reglur um leyfisveitingar þurfa að vera skýrar og eðlilegt er að leyfisveitendur taki afstöðu til mats á umhverfisáhrifum í samræmi við skilgreint verksvið sitt en ekki atriða sem heyra undir önnur og e.t.v. sérhæfðari stjórnvöld.

3. Umhverfistofnun telur jákvætt að áhættumat erfðablöndunar fái stoð í lögnum. Einnig að skilgreina eigi tiltekin eldissvæði sem úthlutað er á rekstraraðila. Þó þarf að gæta þess að samræmi sé á milli ákvörðunar slíkra eldissvæða og fyrirkomulags sem fram kemur í frumvarpi til laga um skipulag á haf- og strandsvæðum.
4. Umhverfistofnun telur jákvætt að rekstraraðilum sjókvíaeldisstöðva sé gert að starfsækja gæðakerfi, þótt stofnunin myndi einnig vilja að tekið yrði til skoðunar að skylt verði að taka upp umhverfisstjórnarkerfi.

5. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í 17. gr. frumvarpsins um birtingu upplýsinga um niðurstöður eftirlits og framleiðslu segir að ráðherra geti m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Umhverfisstofnun telur að þetta ákvæði um að ráðherra geti haldið vissum upplýsingum leyndum sé ekki nægilega skýrt, þrátt fyrir umfjöllun í greinargerð hvaða helstu upplýsingar er átt við.
6. Innleiðing vatnatilskipunar Evrópusambandsins hófst árið 2011 en hefur legið niðri um árabil. Vinnan hefur nú farið af stað á ný og liggur fyrir að Umhverfisstofnun, í samvinnu við aðrar stofnanir þ.á.m. Hafrannsóknastofnun, taki á næstu misserum ákvarðanir um fjölda og afmörkun vatnshlotu, gerðaskiptingu, gæðaþætti, viðmiðunaraðstæður og flokkunarkerfi fyrir ástand vatnshlotu. Hafrannsóknastofnun hefur nú þegar unnið tillögur að vatnshlotum í strandsjó í tengslum við stjórн vatnamála. Samkvæmt frumvarpinu sem nú liggur fyrir á Hafrannsóknastofnun að skipta hafsvæðum í eldissvæði. Telur Umhverfisstofnun að hér geti verið samlegðaráhrif með stjórн vatnamála en skoða þarf hvort eldissvæði gætu þá verið skilgreind sem vatnshlot undir stjórн vatnamála. Hafrannsóknastofnun hefur að auki gert tillögur um líffræðilega gæðaþætti og lagt til að stuðst verði við svifþörunga (blaðgrænu a), stórbörunga og botnhryggleysingja. Auk þess hefur stofnunin lagt til að næringarefnini verði notuð sem efna- og eðlisefnafræðilegur gæðaþáttur. Ákvörðun viðmiðunar- aðstæðna er langt á veg komin en þróun flokkunarkerfis fyrir ástand vatnshlotu er ekki hafin. Umhverfisstofnun telur því að mikil samlegð sé með frumvarpinu að þessu leyti, með lögum um stjórн vatnamála og því mikilvægt að frumvarpið taki mið af þeim lögum og reglugerðum sem settar hafi verið á grundvelli þeirra. Umhverfisstofnun vinnur einnig að vöktunaráætlun fyrir landið allt og þar með talið fyrir strandsjó. Eðlilegt væri því að vísa til laga um stjórн vatnamála, annað hvort í lögnum sjálfum eða þá í greinargerð með lögnum til að tryggja samræmi og skýrleika í málaflokknum.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri